

Magnús Geir Helgason
Lyngholti 6
400 Ísafjörður



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 8. janúar 2015
Tilvísun: UST20150100052/mik

Efni: Heimild til akstur vélsleða í Hornstrandafriðlandinu

Umhverfisstofnun hefur borist erindi dags. 7. janúar sl. frá Magnúsi Helgasyni á Ísafirði, þar sem óskað er eftir leyfi til þess að aka vélsleðum frá Hesteyri til Fljótavíkur og til baka á næstu dögum.

Lýsing framkvæmdar

Áætlað er að flytja 5-6 vélsleða með bát Björgunarfélags Ísafjarðar frá Ísafirði til Hesteyrar í Hornstrandafriðlandinu. Þaðan verður ekið á snjó til Fljótavíkur. Ástæða farar er viðgerð á sumarhúsi vegna foktjóns sem húsið varð fyrir í desember s.l. Ekki hefur reynst fært sjóleiðis í Fljótavík og því valin sú leið að aka á vélsleðum frá Hesteyri en þar er ágæt fjörulending. Ætlunin er að fara á næstu dögum, eða strax og veður gefur. Dvalið verður eina nótt í Fljótavík og komin sama leið til Hesteyrar á ný þar sem sleðar og vinnuhópur verða sóttir.

Samkvæmt auglýsingu um friðlandið á Hornströndum nr. 332/1985 er umferð vélknúinna faratækja utan vega og merktra slóða bönnuð, nema leyfi Umhverfisstofnunar komi til.

Áhrifamat

Mikill snjór er nú í Hornstrandafriðlandinu og áætluð akstursleið öll undir snjó. Ekki er talin hætta á jarðvegsskemmdum. Þá er ekki ætlunin að fara á aðra staði en að umræddu húsi í Fljótavík.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun heimilar hér með fyrir sitt leyti ferð vélsleða frá Hesteyri til Fljótavíkur og til baka nú í janúarmánuði að eftirtöldum skilyrðum uppfylltum:

- Sérfræðingur friðlandsins verði látinn vita af brottfara og komudegi þegar tími ferðar liggur fyrir.
- Umferð vélsleða skal takmarkast við aðflutning efnis til og frá Fljótavík og til að koma fólki á staðinn.
- Leiðangursmenn sýni aðgæðslu á ferðum sínum og virði verndarákvæði.

Virðingarfyllst

Jón Björnsson
Sérfræðingur

Sigrún Agústs dóttir
Sviðsstjóri